

Horft til framtíðar

Þróun á starfsumhverfi á leikskólanum Ökrum, Garðabæ

Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri

Ragnhildur Gunnlaugsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

LEIKSKÓLINN AKRAR, 2017 | VERKEFNASTJÓRI: SVALA GUÐMUNSDÓTTIR

Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum rýnifunda sem fóru fram í október og nóvember 2017. Markmið rýnifundanna var að fá viðbrögð hagsmunahópa við tillögu um breytingu sem felur í sér að leikskólakennarar og deildarstjórar taki undirbúningstíma sína eftir kl. 14:00 á daginn. Aðdraganda má rekja til Sigrúnar Sigurðardóttur leikskólastjóra og Ragnildar Gunnlaugsdóttur aðstoðarleikskólastjóra á Ökrum, Garðabæ, og áhuga þeirra á þróun á starfsumhverfi leikskólans. Verkefnið var styrkt af Garðabæ. Alls voru haldnir fjórir fundir og mættu um 50 einstaklingar sem samanstóðu af foreldrum og starfsmönnum leikskólans á Ökrum. Einnig tóku þátt leikskólastjórar, deildarstjórar og leikskólakennarar á höfðaborgarsvæðinu ásamt kennurum við Háskóla Íslands í leikskólakennarafræðum. Helstu niðurstöður bentu til þess að fyrirhuguð framkvæmd geti aukið gæði kennslu og umönnunar við leikskólann ásamt því að skipulag gæti verið betra og álag á starfsmenn og börn myndi minnka. Einnig kom fram að fyrirhuguð breyting geti virkað sem hvetjandi fyrir nýja starfsmenn og laðað að bæði nýútskrifaða sem og reynslumeiri kennara til leikskólans. Betra skipulag og samvinna deildastjóra í undirbúningi sé líklegri til þess að ýta frekar undir nýsköpun í kennslu og fjölbreyttra kennsluhátta sem og takast á við mismunandi þarfir barna. Aukin starfsánægja var talin líkleg þar sem draga myndi úr álagi með betra skipulagi og á sama tíma myndu kennarar geta sinnt auknum kröfum um upplýsingagjöf til foreldra. Jafnframt var bent á að huga þurfi að aðstöðu og vinnurými fyrir kennara þar sem þeim er ætlað að sinna undirbúningi. Einnig var bent á að huga þurfi vel að skipulagi eftir kl. 14:00 á daginn varðandi skipulagt starf með börnum, ábyrgð starfsmanna, skipulag kaffitíma og viðbrögð við manneklu. Þá var einnig bent á að upplýsingaflæði milli leiðbeinenda, kennara og deildarstjóra þurfi að vera gott, svo ekki fari mikilvægar upplýsingar á mis í lok dags. Að lokum kom til tals starfshlutfall kennara, kostnaður við breytinguna sem og hugsanleg stéttaskipting meðal starfsmanna.

Aðdragandi og samantekt

Samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008 er leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu og fyrir börn undir skólaskyldualdri. Í 6. grein laganna kemur fram að leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skuli hafa menntun leikskólakennara (lög um leikskóla nr. 78/2008). Þó er tekið fram að heimilt sé að ráða starfsfólk án leikskólakennaramenntunar fáist ekki leikskólakennari til starfsins. Lög gera einnig ráð fyrir að tveir þriðju hlutar þeirra sem annast uppeldi og menntun barna séu leikskólakennarar. Til þess að fá réttindi leikskólakennara þarf að klára 120 eininga meistaranám en 25 einstaklingar útskrifuðust með umrætt próf árið 2017. Samkvæmt heimildum frá báðum skólum voru það 14 einstaklingar sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands og 11 einstaklingar frá Háskólanum á Akureyri.

Samkvæmt lögum um leikskóla eiga leikskólakennarar að vera 2/3 af starfsmönnum hvernar deildar innan leikskóla. Samkvæmt því eiga stöðugildi leikskólakennara á Ökrum að vera 9,2 en eru 4,9, ef miðað er við stöðuna í lok árs 2017, og vantar því leikskólakennara í 4,3 stöðugildi. Miðað við þann fjölda sem útskrifaðist á síðasta ári er líklegt að nokkur samkeppni sé um þá einstaklinga sem útskrifast ár hvert. Til þess að takast á við þessa áskorun hefur Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum á Ökrum viljað kanna grundvöll fyrir breytingu sem felur í sér að allir leikskólakennarar vinni frá kl. 8:00 – 14:00 inni á deildum en á milli kl. 14:00 og 16:00 við undirbúning, samráð, fundi og foreldraviðtöl. Eins og fyrirkomulagið er í dag og samkvæmt námskrá leikskóla fer faglega starfið á Ökrum að mestu leyti fram frá klukkan 9:00 til klukkan 14:00. Deildarstjórum er ætlað að sinna fimm klukkutíma undirbúningi í hverri viku sem þeir taka fyrir hádegi og öðrum leikskólakennurum er ætlað að sinna fjögurra tíma undirbúningi sem þeir taka einnig fyrir hádegi. Einu sinni í viku eru deildarstjórafundir og eru þeir yfirleitt milli klukkan 13:00-14:00 og fara þá deildarstjórar út af deildinni. Með því að taka undirbúning saman eftir kl. 14:00 á daginn munu kennarar vera betur í stakk búnir til að takast á við auknar kröfur sem til þeirra eru gerðar. Má þar nefna aukin áhersla í samfélaginu á læsi, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla er það hlutverk leikskóla að vera með fjölbreytt viðfangsefni og starfshætti til að koma á mótis við mismunandi þarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska og velferð hvers og eins.

Framkvæmd og niðurstöður

Til þess að kanna grundvöll þessarar breytingar var sótt um styrk til starfsþróunarsjóðs Garðabæjar sem styrkti verkefnið. Í framhaldinu voru haldnir fundir þar sem tillagan var rædd og í framhaldinu haldnir fjórir rýnifundir í október og nóvember 2017 þar sem rúmlega 50 einstaklingar tóku þátt. Hver rýnifundur var um 90 mínútur og voru fundirnir haldnir í leikskólanum á Ökrum. Þar komu saman ólíkir hagsmunahópar sem fengu tækifæri til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu. Þeir sem tóku þátt voru m.a. foreldrar, nemendur í leikskólakennarafræðum við HÍ, starfsfólk leikskólans Akra, leikskólakennarar/deildarstjórar/skólastjórar af höfðaborgarsvæðinu, sem og akademískir starfsmenn við Menntavísindavið Háskóla Íslands.

Í rýnihópunum var rætt um tækifæri sem fyrirhuguð breyting gæti haft í för með sér og einnig hvaða ágallar og árekstrar gætu fylgt þessari breytingu. Fyrsti hópurinn samanstóð af foreldrum, annar af nemendum í leikskólakennarafræðum, sá þriðji af starfsmönnum leikskólans Ökrum og sá fjórði og síðasti af leikskólastjórum, kennurum og deildarstjórum leikskóla á höfðaborgarsvæðinu ásamt akademískum starfsmönnum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Verður gerð grein fyrir niðurstöðum hvers rýnihóps fyrir sig hér að neðan:

Niðurstöður rýnihóps með foreldrum

Skipulag	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Hugsanlegt að skipulag verði betra, þ.e. að kennarar fái aukið rými til að skipuleggja kennslu barna, verkefni og viðburði<input type="checkbox"/> Þægilegri tími fyrir foreldra að koma í foreldraviðtöl<input type="checkbox"/> Hugsanlega myndi þetta fyrirkomulag gagnast börnum betur þar sem kennarar eru ekki að fara á mismunandi tímum dags í undirbúning<input type="checkbox"/> Skoða þarf hver ber ábyrgð á starfi eftir kl. 14:00
Gæði kennslu	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Með samvinnu kennara í undirbúningi væri frekari líkur á auknum gæðum kennslu og innra starfs<input type="checkbox"/> Í boði verður fjölbreyttara starf og leikur fyrir börnin<input type="checkbox"/> Aukin virðing við starf kennara sem skilar sér til barna og foreldra<input type="checkbox"/> Gæti laðað að fleiri leikskólakennara og gert leikskólann Akra að eftirsóttum vinnustað
Upplýsingaflæði	<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Gæti aukið aðgengi að kennurum á vissum tíma dags án þess að trufla starf með börnum

	<input type="checkbox"/> Huga þarf að upplýsingagjöf frá leiðbeinendum inni á deild til leikskólakennara
Álag	<input type="checkbox"/> Huga þarf að gæðum starfsins eftir kl. 14:00 og að það auki ekki álag á börn og leiðbeinendur

Niðurstöður rýnihóps með nemendum í leikskólakennarafræðum

Gæði kennslu	<input type="checkbox"/> Auðveldara að huga að nýsköpun í starfi og leik <input type="checkbox"/> Aukin gæði kennslu fyrri part dags þegar börnin eru hvað hressust <input type="checkbox"/> Tíminn nýtist mun betur með því að hafa samvinnu í tengslum við undirbúningsstarf
Starfsumhverfi	<input type="checkbox"/> Aukin samvinna í starfi sem gerir starfsumhverfið eftirsóknarverðara <input type="checkbox"/> Skapar aukið svigrúm til samstarfs kennara <input type="checkbox"/> Huga þarf að hugsanlegri stéttaskiptingu á milli starfsmanna <input type="checkbox"/> Samstaða kennara gæti aukist <input type="checkbox"/> Starfsaðstaða þarf að vera viðunandi og rúma starfsmenn í undirbúningi eftir kl. 14:00
Starfið	<input type="checkbox"/> Faglegra starf og minna um skammtímalausnir <input type="checkbox"/> Starfið verður faglegra og skipulagðara <input type="checkbox"/> Virðing við starfið <input type="checkbox"/> Dregur úr álagi <input type="checkbox"/> Aukin starfsánægja <input type="checkbox"/> Aukinn kostnaður <input type="checkbox"/> Geta kennarar verið í hlutastarfi?

Niðurstaða rýnihóps með stafsmönnum

Skipulag	<input type="checkbox"/> Betra skipulag og minna um skammtímalausnir <input type="checkbox"/> Deildarstjórar munu skipuleggja starf eftir kl. 14:00 á sinni deild <input type="checkbox"/> Minni truflun á tíma með börnum <input type="checkbox"/> Tíminn fyrir kl. 14:00 er besti tíminn til að allir séu saman inni á deildunum <input type="checkbox"/> Fastur tími til funda, viðtöl o.fl.
----------	---

Starfsumhverfi	<input type="checkbox"/> Laðar að fagfólk <input type="checkbox"/> Mun betri vinnuskilyrði og kennarar þurfa ekki að taka með sér vinnu heim <input type="checkbox"/> Jafnari viðvera fagmenntaðra
Starfið	<input type="checkbox"/> Aukin samvinna milli deilda og faglegrar vinnu <input type="checkbox"/> Minna álag og stress <input type="checkbox"/> Starfið verður faglegra og skipulagðara bæði fyrir og eftir hádegi fyrir alla hagsmunaaðila <input type="checkbox"/> Deildarstjórar ná að sinna starfi sínu ásamt fundum og skrifstofustarfi <input type="checkbox"/> Getur orðið erfitt að manna stöður eftir kl. 14:00 <input type="checkbox"/> Hvernig skiptist ábyrgð starfsmanna sem vinna eftir kl. 14:00 á daginn?
	<input type="checkbox"/> Hvað verður um starfsfólk í hlutastarfi? <input type="checkbox"/> Hvar liggur ábyrgð eftir kl. 14:00?
Húsnæðismál	<input type="checkbox"/> Er vinnuaðstaða og skipulag á leikskólanum þannig að þessi útfærsla sé möguleg?

Niðurstaða rýnihóps með kennurum/leiksólastjórum

Réttindi	<input type="checkbox"/> Leikskólakennarar komnir nær grunnskólakennurum hvað varðar réttindi <input type="checkbox"/> Námið metið að verðleikum
Skipulag	<input type="checkbox"/> Getur orðið erfitt í reynd ef starfsmannavelta er mikil og sér í lagi meðal leiðbeinenda <input type="checkbox"/> Börnin eru þau sem munu njóta góðs af þessari breytingu <input type="checkbox"/> Mun skapa meira öryggi í umhverfi barnanna þar sem starfsmenn eru ekki að koma og fara í sinn undirbúning yfir daginn og oft á tíðum með litlum fyrirvara <input type="checkbox"/> Bætt þjónusta við foreldra <input type="checkbox"/> Deildarstjórar gætu þurft að sýna sveigjanleika fyrstu mánuðina <input type="checkbox"/> Skipuleggja þarf viðveru kennara eftir kl. 14:00 <input type="checkbox"/> Hugsanlega þarf að ráða nýtt starfsfólk og kostnaður eykst
Starfið	<input type="checkbox"/> Líkur eru á aukinni starfsánægju <input type="checkbox"/> Starfið verður mun faglegra

	<input type="checkbox"/> Starfið verður meira aðlagandi <input type="checkbox"/> Meiri tími til samstarfs milli deilda <input type="checkbox"/> Nýsköpun í kennslu og verkefni sitja síður á hakanum <input type="checkbox"/> Getur skapað togstreitu og stéttaskiptingu <input type="checkbox"/> Laðar að bæði nýja kennara og þá með lengri starfsreynslu
Álag	<input type="checkbox"/> Líklegt til að draga úr álagi þar sem samfelldur tími daglega er til undirbúnings <input type="checkbox"/> Hugsanlegt að starfsmannavelta aukist hjá leiðbeinendum

Umræða um niðurstöður

Foreldrar ræddu samstöðu með kennurum og litu til þess að fyrirhuguð breyting væri hugsanlega til þess fallin að auka faglegt starf og fasta viðveru kennara inni á deild sem teldist kostur en bentu meðal annars á að huga þurfi að upplýsingaflæði milli kennara og leiðbeinenda. Nemar í leikskólakennarafræðum litu á þennan kost sem áhugaverðan og aðlaðandi, sér í lagi þar sem aðstaðan í leikskólanum Ökrum var talin góð og vel til þess fallin að bjóða upp á samfelldan undirbúningstíma daglega. Nemendur töldu samfelldan undirbúningstíma daglega geta virkað sem aðlaðandi kost. Starfsmenn voru jákvæðir hvað varðar þessar breytingar en töldu mikilvægt að huga vel að ábyrgð og skipulagi inni á deildum eftir kl. 14:00. Einnig voru hugleiðingar um starfshlutfall í þeim efnum. Kennarar töldu almennt mikinn kost að ráðast í þessar breytingar, og töldu þær til hagsbóta fyrir starfsstéttina sem slíka, enda hefði á undanförunum árum hallað á þann undirbúningstíma sem kennurum væri gefinn í starfi. Þó undirtektir hafi verið almennt jákvæðar, voru nokkrar ábendingar sem vert er að taka tillit til ef ráðist verður í innleiðinguna svo hún fái brautargengi eins fljótt og kostur er. Niðurstöður rýnihóps með kennurum og öðrum fagaðilum bar nokkuð saman við niðurstöður könnunar frá 2017 sem Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólann á Akureyri framkvæmdi. Könnunin var um undirbúningstíma og álagsþætti í starfi í leikskólum og voru þeir sem svöruðu leikskólakennarar, fólk með aðra háskólamenntun og ófaglærðir. Alls svöruðu 329 þeirri könnun. Þar kom fram m.a. að mikilvægt er að huga að starfsumhverfinu þar sem oft er mikill erill og skortur á næði. Einnig kom fram í þeirri könnun að kennarar töldu æskilegt að taka sína undirbúningstíma eftir klukkan 14:00 á daginn. Þar kom einnig

fram að aukin krafa er um skráningu upplýsinga til foreldra og því fylgi aukið umstang og tími.

Heimildir

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008

Kristín Dýrfjörð (2017). Það sem veldur álagi í leikskólum. Sótt af www.laupur.is Anna

Bjarnadóttir (2016). Maður festir bara rætur, Upplifun leikskólakennara sem hafa starfað yfir 15 ár í sama leikskólanum af starfi og vinnustað. Óbirt M.S. lokaverkefni.

Háskóli Íslands: Félagsvísindasvið.